

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1068/2013

2014/EES/12/38

frá 30. október 2013

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á dífosfötum (E 450), trífosfötum (E 451) og fjölfosfötum (E 452) í votsaltaðan fisk (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Breyta má skránni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 4) Umsókn um leyfi fyrir notkun á dífosfötum (E 450), trífosfötum (E 451) og fjölfosfötum (E 452) í votsaltaðan fisk var lögð fram 19. júní 2009 og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.

- 5) Hægt er að salta og rotverja fisk með því að bæta miklu magni af salti við hráefnið. Söltunarferlið hefur þróast úr einföldu ferli í fjölpæpa ferli sem felur í sér forsöltun sem stuðlar að styttri söltunartíma og tiltölulega jöfnum saltstyrk í fiskvöðvanum. Í því skyni er fiskurinn fyrst forsaltaður með sprautun og/eða þæklun með tilbúnum saltlegi með stýrðum saltstyrk. Að því loknu er fiskurinn þurrsaltaður til að ná réttum saltstyrk í lokaafurðinni.
- 6) Meðan á þessu langa varðveisluferli stendur getur oxun þó enn átt sér stað, einkum í lípiðum sem eru í fiskvöðvanum. Þetta leiðir til breytinga á lit og bragði. Oxunin verður hraðari ef málmjónir eru til staðar í fiskvöðvanum og í saltinu sem er notað. Þar eð dífosföt (E 450), trífosföt (E 451) og fjölfosföt (E 452) mynda efnafloka með málmjónum hafa þau reynst vera skilvirkustu efnin til að verja saltaða fiskinn gegn oxun. Stór hluti viðbættra fosfata og salts eru fjarlægð við útvötnun fyrir neyslu. Vatnsinnihaldið í votsöltuðu lokaafurðinni eykst ekki við þessa notkun fosfatanna. Saltaður fiskur, þar sem upprunalegi liturinn og bragðið hefur varðveist, er einkum eftirsóttur á mörkuðunum á Spáni, Ítalíu og Grikklandi.
- 7) Samkvæmt 3. gr., í tengslum við 4. mgr. 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla ⁽³⁾, skal tilgreina notkun á fosfötum í votsaltaðan fisk í skránni yfir innihaldsefnin. Stjórnendum matvælafyrirtækja er einnig heimilt að merkja á vörur sínar að fjölfosföt hafi ekki verið notuð.
- 8) Þar eð stór hluti af viðbættu fosfötunum er fjarlægður við útvötnun verða váhrif, sem neytendur verða fyrir af völdum fosfata, í lágmarki og eru af þeirri ástæðu ekki líkleg til að hafa áhrif á heilbrigði manna. Því er rétt að leyfa notkun á dífosfötum (E 450), trífosfötum (E 451) og fjölfosfötum (E 452) til að tryggja geymsluþol á votsöltuðum fiski.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 58. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.

- 9) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á dífosfötum (E 450), trífosfötum (E 451) og fjölfosfötum (E 452) til að tryggja geymsluþol á votsöltuðum fiski telst uppfærsla á þeirri skrá, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.
- 10) Saltfiskur (e. *bacalhau*) (portúgalskur saltfiskur (e. *Portuguese cod*)) er framleiddur með frekari þurrkun á votsöltuðum fiski. Notkun á fjölfosfötum gæti haft áhrif á þetta þurrkunarferli. Auk þess gæti þessi notkun einnig hamlað þróun á einkennandi lit og bragði saltfisksins. Framleiðendur, sem framleiða hefðbundinn saltfisk, munu því ekki sækjast eftir söltuðum fiski sem er meðhöndlaður með fosfötum. Til að framleiðendur, sem framleiða hefðbundinn saltfisk, geti lagað sig að aðstæðum þar sem fiskur, sem er meðhöndlaður með fosfötum, er settur á markað skal leggja til umbreytingartímabil. Á þessu tímabili geta framleiðendur, sem framleiða hefðbundinn saltfisk, gert samkomulag við birgja og kynnt sér greiningaraðferðir sem hægt er að nota til að hafa eftirlit með því hvort viðbætt fosföt eru fyrir hendi í fiskinum.
- 11) Til að meta enn frekar áhrifin á fánleika votsaltaðs fisks til að framleiða saltfisk mun framkvæmdastjórnin í þrjú ár vakta notkun á fjölfosfötum í helstu löndunum sem framleiða saltaðan þorsk.
- 12) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við fyrrnefnd atriði.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

VIÐAUKI

Í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 bætast eftirfarandi færslur við í matvælaflökki 09.2 „Unninn fiskur og lagarfurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“ á eftir færslunni fyrir E 392:

| | | | | | |
|--------|--|-------|-----------|---|--------------------------------------|
| „E 450 | Dífosföt | 5 000 | (4), (79) | Einungis saltaður fiskur af ættinni Gadidae sem hefur verið fersaltaður með sprautun og/eda þæklun með a.m.k. 18% saltlausn og oft þurrsaltaður þar á eftir | Gildistími: frá 31. desember 2013 |
| E 451 | Trífosföt | 5 000 | (4), (79) | Einungis saltaður fiskur af ættinni Gadidae sem hefur verið fersaltaður með sprautun og/eda þæklun með a.m.k. 18% saltlausn og oft þurrsaltaður þar á eftir | Gildistími: frá 31. desember 2013 |
| E 452 | Fjölfosföt | 5 000 | (4), (79) | Einungis saltaður fiskur af ættinni Gadidae sem hefur verið fersaltaður með sprautun og/eda þæklun með a.m.k. 18% saltlausn og oft þurrsaltaður þar á eftir | Gildistími: frá 31. desember 2013 |
| | (4): Hámarksigliðið er gefið upp sem P ₂ O ₅ | | | | |
| | (79): Hámarksigliðið á við um samanlagt magn af E 450, E 451 og E 452, notuð hvert fyrir sig eða í samsetningum“ | | | | |